

**Nð.**

**476. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 12 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í rikissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttó-smálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta skifti 1920, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, þar sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í rikissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett, og er skip að veði fyrir því 2 ár frá gjalddaga.

4. gr.

Lausafjárskattur af skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri, fellur burt.

**Greinargerð.**

Lausafjárskattur af skipum er mjög lágur, og skattur þessi hvílir alls eigi á öðrum skipum en fiskiskipum. Nú er svo komið, að vjer erum teknir að eignast vöruflutningaskip og einnig stærri fiskiskip en gengið var út frá, er núgildandi lög um lausafjártlund voru sett. Sennilegt er, að skattur þessi muni gefa rikissjóði um 40000 kr. á ári, því að sanni mun næst, að skipastóll landsins nemi nú um 20000 smálestum, ef frá eru talin skip og bátar undir 12 smálestum.